



Íslandspóstur

Ársskýrsla 2015





## Traust Vilji Framsækni



## Hlutverk

Hlutverk Íslandspósts er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifinga-, samskipta- og flutningalausna.



## Framtíðarsýn

Íslandspósturverði nýjunga- og tæknidrifið fyrirtæki sem svarar síbreytilegum þörfum viðskiptavina.

---

# Ársskýrsla Íslandspósts 2015

---

- 4 Ávarp forstjóra: Breytingar í augsýn
- 6 Stjórn Íslandspósts
- 6 Framkvæmdastjórn Íslandspósts
- 7 Lykiltölur
- 8 Íslandspóstur á árinu 2015
- 15 Afkoma starfspátta
- 16 Ársreikningur
- 17 Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra
- 18 Áritun endurskoðenda
- 19 Rekstrarreikningur ársins 2015
- 20 Efnahagsreikningur 31. desember 2015
- 21 Eiginfjárfirlit 2015
- 22 Sjóðstreymisyfirlit ársins 2015
- 23 Skýringar



## Breytingar í auglýsýn

Fjárhagsleg afkoma Íslandspóstis var önnur en að var stefnt á árinu 2015. Meginforsendur fjárhagsáætlunar ársins gengu eftir að öðru leyti en því að verðbreytingar á einkaréttarbréfum, sem nauðsynlegar voru til þess að standa undir alþjónustuskyldu, og fækkun dreifingardaga í dreifibýli vegna fækkunar bréfasendinga náðu ekki fram að ganga eins og áætlað var. Tap varð því á rekstri Íslandspóstis sem nam 118 mkr. á árinu 2015 í stað 150 mkr. hagnaðar sem fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Það er þriðja tapár félagsins í röð og það fjórða á síðastliðnum fimm árum og varð tap ársins 2015 um 75 mkr. meira en árið á undan.

Almennt má segja að rekstur Íslandspóstis hafi að öðru leyti gengið vel á árinu 2015. Margir samverkandi þættir höfðu jákvæð áhrif á reksturinn. Þar má til dæmis nefna lækkun aksturskostnaðar á meginflutningaleiðum með eigin rekstri í stað útvistunar á þeirri þjónustu, lækkun eldsneytiskostnaðar og lækkun afgreiðslukostnaðar með breyttu fyrirkomulagi á söfnun og afhendingu sendinga. Auk þess náðust gæðaviðmið fyrirtækisins í öllum aðalatriðum. Ennfremur má nefna aukna flutninga bæði innanlands og til og frá útlöndum vegna vaxandi netverslunar, aukna sérþjónustu í flutningum sem og aukna vöru- og þjónustusölu. Þar að auki gekk rekstur dótturfélaga vel og skilaði félaginu ágætri afkomu.

Íslandspóstur gerir upp meginstarfsþætti fyrirtækisins í þeim tilgangi að greina afkomu, en jafnframt hefur slíkt uppgjör þýðingu varðandi verðlagningu vöru- og þjónustubátta. Uppgjör starfsþátta Íslandspóstis skiptist í þrennt: (i) Einkarétt innan alþjónustu, sem skilar um 41% af heildartekjum, (ii) Samkeppni innan alþjónustu, sem skilar 43% tekna, og (iii) Samkeppni utan alþjónustu, en þaðan koma um 16% heildartekna fyrirtækisins. Þannig var um 59% af tekjum Íslandspóstis aflað á svokölluðum samkeppnismarkaði, en í því sambandi er vert að hafa í huga að samkeppnisaðilar hafa eðlilega ekki sýnt því áhuga að sinna nema þeim hluta þess markaðar þar sem tekjur eru meiri en kostnaður og ágóðavon er fyrir hendi.

Íslenska ríkið ber lögum samkvæmt ábyrgð á því að halda uppi tiltekinni pósthjónustu, svonefndri alþjónustu, sem nær til bréfa- og pakkasendinga allt að 20 kg og hefur samhliða því einkarétt á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g. Íslandspósti hefur samkvæmt rekstrarleyfi verið falið að sinna þeim rekstri, en undanfarin ár hafa stjórnendur fyrirtækisins ítrekað vakið athygli stjórnvalda á óásættanlegri afkomu og fyrirsjáanlegum stigvaxandi vanda pósthjónustunnar ef ekki verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Ástæðu slíkrar rekstrarafkomu má rekja til fækkunar bréfa innan einkaréttar á sama tíma og lögbundið dreifinet pósthjónustunnar hefur stækkað með tilheyrandi kostnaði. Þannig hefur magn einkaréttarbréfa dregist saman um 51% á síðustu tíu árum. Þrátt fyrir þann mikla samdrátt hefur lögbundin krafa um þjónustu haldist óbreytt og hefur kostnaður við þjónustuna aukist á sama tíma vegna stækkunar dreifikerfis með 16% fjölgun íbúða- og atvinnuhúsnaðis.

Hagnaði af einkarétti hefur verið ætlað að standa undir kostnaði við alþjónustu að því marki, sem tekjur hennar hafa ekki hrokkið til. Síðastliðin ár hefur raunin verið sú, að þrátt fyrir verulega hækkun burðargjalda hafa tekjur af dreifingu bréfa í einkarétti vart staðið undir kostnaði við þá þjónustu. Því hefur töluvert vantað upp á fjármögnun alþjónustu á þeim hluta pósthjónustunnar sem öllum er opinn en enginn utan Íslandspóstis hefur sýnt áhuga á að sinna. Að mati Íslandspóstis er kostnaðarbyrði alþjónustunnar um einn milljarður króna og að því marki sem tekjur af samkeppnisrekstri ná ekki að standa undir þeim kostnaði, þá er með taprekstri gengið á eigið fé fyrirtækisins, sem niðurgreiðir þjónustuna þannig í raun.

Veruleg þörf er á endurskoðun laga um pósthjónustu, sem opnar fyrir möguleika á því að þjónustan geti þróast í samræmi við óskir viðskiptavina m.a., um hraða, tíðni, gæði og verðlagningu. Það er því fagnaðarefni að innanríkisráðherra hafi nú kynnt til umsgagnar drög að frumvarpi til nýrra laga um pósthjónustu. Þar er lagt upp með það almenna markmið að tryggja





hagkvæma, virka og áreiðanlega þjónustu með því að auka frjálsræði á póstmarkaði samhliða því að einfalda og draga úr eftirliti með þjónustunni. Slíkt verður ekki gert með stífar reglusetningu og hertu eftirliti, heldur með opnun markaða og skýrum leikreglum varðandi þann takmarkaða þátt þjónustunnar sem íslenska ríkið vill og ætlar að tryggja samhliða afnámi einkaréttar. Mikilvægt er að við setningu nýrra laga liggja fyrir kostnaðarmat á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustu. Þannig hefur löggjafinn möguleika á því að meta saman annars vegar umfang þeirrar alþjónustu, sem hann ákveður, og hins vegar kostnað vegna hennar, en gera verður ráð fyrir því að fjárveiting fyrir þeirri þjónustu verði tryggð úr ríkissjóði. Búast má við því að bréfamagn og tekjur af bréfadreifingu fari enn minnkandi á komandi árum. Má ætla að lítil áhugi verði á því í stöðugt vaxandi samkeppni um takmarkað skattfé ríkisins að það verði nýtt í niðurgreiðslu á pósthjónustu.

Af hálfu Íslandspósts hefur legið fyrir um árabíl að einkaréttur á dreifingu bréfa þjónar ekki hagsmunum fyrirtækisins. Afnám einkaréttar er því fagnaðarefni. Áhyggjum veldur á hinn bóginn óvissa um hvernig stjórnvöld hyggjast standa að fjármögnun lögbundinnar þjónustu og tryggja stjórnendum pósthfyrirtækja, til jafns við stjórnendur annarra flutningafyrirtækja, möguleika til þess að taka nauðsynlegar ákvarðanir um rekstrarleg úrlausnarefni. Brýnt er við afgreiðslu Alþingis á nýju frumvarpi til póstlaga að skýrt verði kveðið á um fjármögnun pósthjónustunnar þar sem hún verður ekki veitt á markaðslegum forsendum. Svigrúm til þess að greiða niður þá þjónustu, eins og gert hefur verið með því að ganga á eigið fé Íslandspósts og þar með eign ríkisins, er afar takmarkað en þess utan er slík niðurgreiðsla bæði ógagnsæ og ein versta birtingarmynd á fjármögnun opinberrar þjónustu sem hugsast getur.

**„Síðastliðin ár hefur raunin verið sú, að þrátt fyrir verulega hækkun burðargjalda hafa tekjur af dreifingu bréfa í einkarétti vart staðið undir kostnaði við þá þjónustu.“**

Nú um tveggja ára skeið hafa starfsmenn Íslandspósts unnið eftir skýrum stefnuáherslum, sem mótaðar voru af starfsmönnum en markaðar og samþykktar af stjórn félagsins. Mikill og góður árangur hefur náðst með því starfi og er ljóst að umbreyting félagsins úr bréfafyrirtæki, sem einnig dreifði smápökkum, yfir í vörudreifingarfyrtæki, sem jafnframt dreifir bréfum, hefur rennt styrkum stöðum undir rekstur Íslandspósts og treyst rekstargrundvöll fyrirtækisins til framtíðar. Nýliðið rekstrarár einkenndist af því að aðlaga dreifikerfi Íslandspósts að minnkandi bréfamagni og á hinn bóginn að mæta auknum verkefnum á flutningasviði. Þannig hefur markvisst verið unnið að því að þróa rekstur félagsins í samræmi við óskir viðskiptavina. Sérstök ástæða er til þess að þakka starfsmönnum gott framlag og fagmennsku í starfi á liðnu ári. Um leið og við göngum glaðbeitt til nýrra og fjölbreyttari verkefna á nýju ári væntum við þess að það megi verða viðskiptavinum, eigendum og öðrum hagsmunaaðilum til hagsbóta.

Ingimundur Sigurpálsson,  
forstjóri

## Stjórn Íslandspósts



Jón Ingi Cæsarsson

Svanhildur Hólm Valsdóttir

Eiríkur Haukur Hauksson, *formaður stjórnar*

Ólöf Kristín Sveinsdóttir

Preben Jón Pétursson

## Framkvæmdastjórn Íslandspósts



Andrés Magnússon, *framkvæmdastjóri starfsmannasviðs*

Ingimundur Sigurpálsson, *forstjóri*

Tryggvi Þorsteinsson, *framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs*

Hörður Jónsson, *framkvæmdastjóri pósthúsasviðs*

Anna Katrín Halldórsdóttir, *framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs*

Helga Sigríður Böðvarsdóttir, *framkvæmdastjóri fjármálasviðs*

# Lykiltölur

	2015	2014	2013
<b>TEKJUR</b>			
Rekstrartekjur .....	7.600.096	7.278.500	6.786.821
<b>GJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4.418.722	3.994.529	3.751.412
Annar rekstrarkostnaður .....	2.813.073	2.804.693	2.685.890
Rekstrargjöld samtals .....	7.231.795	6.799.222	6.437.302
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 123.926)	( 110.698)	( 141.533)
Afskriftir .....	( 395.753)	( 410.291)	( 349.862)
Tap fyrir tekjuskatt .....	( 151.378)	( 41.711)	( 141.876)
Tekjuskattur .....	32.951	( 1.266)	23.100
Tap ársins .....	( 118.427)	( 42.977)	( 118.776)
<b>KENNITÖLUR</b>			
Veltufjórhlutfall .....	1,57	1,28	1,53
Eiginfjórhlutfall .....	0,42	0,47	0,49
Innra virði hlutfjár .....	1,51	1,59	1,63
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)			
í hlutfalli af heildartekjum .....	4,8%	6,6%	5,1%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum .....	-0,4%	0,9%	0,0%
Arðsemi eigin fjár .....	-5,1%	-1,8%	-4,8%

# ÍSLANDSPÓSTUR

## Á ÁRINU 2015

### Áframhaldandi samdráttur í bréfamagni

Bréfamagn hélt áfram að dragast saman á árinu 2015 og er það í takt við þróunina sem verið hefur undanfarin ár en 51% magnmínkun hefur orðið á bréfum á síðastliðnum tíu árum og gera spár ráð fyrir áframhaldandi fækkun bréfa á komandi árum. Ástæða þess er fyrst og fremst samkeppni frá rafrænum lausnum. Þarfir neytenda hafa breyst mikið undanfarin ár varðandi móttöku skilaboða en mikið af þeim skilaboðum sem áður voru send á bréfaformi eru í dag send á rafrænu formi. Könnun sem Maskína framkvæmdi á síðasta ári sýnir þessa þróun vel því samkvæmt henni telja um 77% aðspurðra sig ekki lengur þurfa á bréfaútburði að halda á hverjum degi heldur henti þrýðilega að fá póstinn til sín þrisvar í viku. Í könnuninni kom einnig fram að um 85% aðspurðra vildu fá póst til sín sjaldnar en 5 daga vikunnar.

### Vöxtur í pakkasendingum

Stöðugur vöxtur hefur verið undanfarin ár í netverslun frá útlöndum og var árið 2015 engin undantekning á því. Stærstur hluti netverslunarsendinga kemur frá Asíu en einnig kemur töluvert magn frá Evrópu og Bandaríkjunum. Á síðastliðnum árum hefur innlend netverslun ekki vaxið eins mikið og erlend netverslun. Hins vegar varð sú ánægjulega þróun á árinu að mikil aukning varð í innlendri netverslun og þá sérstaklega í tengslum við verslunardagana „Black Friday“ og „Cyber Monday“ sem margar netverslanir á Íslandi stóðu fyrir í lok nóvember að erlendri fyrirmynd og má jafnvel tala um sprengingu í því sambandi.

Lögð hefur verið áhersla á að bjóða upp á ýmsa sérþjónustu fyrir fyrirtæki og fylgja þannig breyttum þörfum viðskiptavina. Sem dæmi má nefna töskuflytninga sem Pósturinn hefur sinnt fyrir Icelandair og snýst um að koma farangri, sem einhverra hluta vegna hefur tafist, til farþega. Á árinu 2015 var svo samið við flugfélagið WOW air um samskonar þjónustu og sér því Pósturinn um þessa þjónustu fyrir bæði íslensku áætlanaflyglögin sem fljúga á milli landa.

### Stórar sendingar

Pósturinn hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og er í dag öflugt vörudreifingarfyrirtæki sem dreifir stórum sendingum jafnt sem smáum. Í byrjun árs 2015 fór Pósturinn af stað með auglýsinga- og söluherferð sem ber heitið „Stórar sendingar“ og hefur vakið mikla athygli. Tilgangur var að benda viðskiptavinum á að Pósturinn flytur ekki eingöngu pakka heldur líka stærri hluti. Til að sýna þetta á skemmtilegan máta var ballettdansarinn Lee Proud fenginn til að búa til dansatriði og leika í auglýsingunni. Auglýsingin var tekin upp í Póstmiðstöðinni og tóku um 25 starfsmenn Póstsins þátt í gerð auglýsingarinnar.

### Hraðflutningur og flutningsmiðlun

Starfsemi TNT hraðflutninga gekk mjög vel á árinu 2015. Mikill vöxtur er í allri þjónustu og vegur þar þungt krafa fyrirtækja og einstaklinga um hátt þjónustustig og hraða. Umhverfi og rekstur TNT hraðflutninga á árinu 2015 einkenndist mjög af fyrirhugaðri sameiningu Fedex og TNT en í apríl gerði Fedex kauptilboð í allt hlutafé TNT, með fyrirvara um samþykki samkeppnisyfirlvalda. Það samþykki liggur nú fyrir og verða fyrirtækin sameinuð á árinu 2016. Íslandspóstur hefur lengi haft það markmið að bjóða viðskiptavinum sínum hraðflutninga og hefur það verið gert í samstarfi við TNT. Íslandspóstur mun áfram tryggja stöðu sína á þessum markaði og bjóða viðskiptavinum sínum hraðþjónustu.

Mikill vöxtur var í starfsemi Frakt flutningsmiðlunar, sem er dótturfyrirtæki Íslandspósts, á árinu. Frakt leggur áherslu á að bjóða lausnir sem eru sniðnar að þörfum hvers og eins viðskiptavinar. Hátt þjónustustig, mikil reynsla og þekking starfsfólks hefur orðið til þess að viðskiptavinir nýta sér endurtekið þjónustu félagsins. Fyrirtækið hefur einnig sérhæft sig í sérlausnum og flutningum sem þarfnast sértækra meðhöndlunar. Frakt flytur mikið af listaverkum af öllum stærðum og gerðum og sér um flutning á hljóðfærum og öðrum búnaði sem stórstjórnur utan úr heimi þurfa þegar tónleikar eru haldnir á Íslandi.



## Aðlögun innviða að breyttri eftirspurn

Mikil breyting hefur orðið á eftirspurn eftir þjónustu Íslandspósts en umtalsvert hefur dregið úr eftirspurn eftir bréfadreifingu á meðan aukning hefur orðið á eftirspurn eftir dreifingu pakka. Þess vegna hefur verið mikilvægt að endurskoða innviði og dreifikerfi fyrirtækisins og aðlaga að breyttum áherslum í þjónustuframboði. Á höfuðborgarsvæðinu var fækkað um eina dreifingarstöð á árinu þegar starfsemi í Síðumúla var skipt niður á aðrar dreifingarstöðvar. Þar með hefur dreifingarstöðvum fækkað um 50% frá árinu 2010 og eru þær þrjár í rekstri í dag. Á árinu 2015 var samstarfi um póstafrgreiðslur á Vík og Kirkjubæjarklaustri hætt og voru settar upp pósthafnir sem hafa reynst mjög vel. Póstbíll tók við þjónustu og dreifingu á þessum stöðum.

Undanfarin ár hefur mikið af eldra húsnæði Íslandspósts verið selt og annað hentugra tekið í notkun í staðinn. Þannig hefur fermetrafföldi fækkað mikið en eldri hús voru oft óhentug fyrir núverandi starfsemi og nýttust illa. Á árinu 2015 var húsnæði að stærð 1.330 m<sup>2</sup> selt og húsnæði að stærð 770 m<sup>2</sup> keypt. Í maí var skrifstofuhúsnæði aðalskrifstofu fyrirtækisins minnkað um 150m<sup>2</sup> og afgreiðslu frímerkjasölnunnar lokað.

Mikil aukning smásendinga frá útlöndum hefur leitt til þess að víða í starfsemi hefur myndast mikið álag sem fyrirtækið hefur þurft að bregðast við. Má til dæmis nefna Póstmiðstöð, tollmiðlun, þjónustuver, póstafrgreiðslur og útkeyrslu í því samhengi. Brugðist hefur verið við með því að færa starfsemi á milli staða til að skapa pláss, bæta við starfsfólki á álagstímum og breyta tækjum og aðstöðu.

Á árinu voru tekin í notkun Póstbox sem er ný og einfaldari leið til afhendingar á pökkum. Þar er um að ræða sjálfsafgreiðslu og er þjónustan í boði á átta stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir sem hafa nýtt sér þjónustuna eru mjög ánægðir með hana og kunna vel að meta það að geta sótt sendingarnar sínar þegar þeim hentar hvenær sem er sólarhringsins. Notkun Póstboxa jókst jafnt og þétt á árinu.

## Þjónustumál

Hjá Íslandspósti er mikil áhersla lögð á að þjónusta viðskiptavininn sem best og liður í því er að taka á móti þeim kvörtunum og ábendingum sem berast og meðhöndla á sem skilvirkastan hátt. Til að bæta móttöku og úrvinnslu kvartana var tekið í notkun nýtt tölvakerfi á árinu sem auðveldar úrvinnslu og bætir yfirsýn yfir þær kvartanir og ábendingar sem berast.


Á árinu fjölgaði símtölum til þjónustuværs nokkuð, þá fjölgaði netsamtölum mikið og er það sama þróun og verið hefur undanfarin þrjú ár. Ástæðan fyrir þessu er aukning á skráðum sendingum og upplýsingaþörf viðtakenda í tengslum við þær, bæði innanlands og til og frá landinu. Aukningin kemur aðallega til vegna aukinnar netverslunar.

## IPC vottun

Í apríl gerði International Postal Corporation (IPC) úttekt á þeim hluta starfsemi Póstmiðstöðvar sem snýr að pósti til og frá landinu. Slík úttekt er mjög ítarleg og krefst mikils undirbúnings af pósfyrirtækjunum sem fara í gegnum hana. Úttektin samanstendur af 144 atriðum sem farið er yfir allt frá því að postur kemur til


## GREIDDUR ARÐUR

MILLJÓNIR KRÓNA




## AFKOMA 1999-2014

MILLJÓNIR KRÓNA



## EINKARÉTTUR - MAGNBREYTING

MILLJÓNIR BRÉFA



● Raun ● Spá



Keflavíkur og þar til hann er sendur til dreifingar og síðan frá því að póstur berst Póstmiðstöð og þar til hann er kominn í hendur póststjórnar í ákvörðunarlandi. Skoðað er verklag, aðbúnaður starfsmanna, búnaður sem notaður er, tölvukerfi og tölvugögn sem send eru milli landa. Úttektin sem tók fjóra daga var framkvæmd af starfsmönnum IPC. Eftir að úttekt lauk fengu Póstmiðstöð og ferlar á pósti milli landa vottunina „Certificate of excellence in the management and processing in international priority production“ í þriðja sinn.

## Frímerkjaútgáfa

Á árinu voru gefin út 30 frímerki á fjórum útgáfudögum. Að vanda var mikil fjölbreytni í efnisvali frímerkjanna og merkra tímamóta var minnst með þremur frímerkjaútgáfum þ.e.a.s. 100 ára afmælis íslenska fánans, 100 ára kosningaréttar kvenna auk 200 ára afmælis Hins íslenska biblíufélags.

Á árinu 2015 lenti frímerkið „Boðun Maríu“ sem var eitt þriggja jólafrímerkja ársins 2014 í 5. sæti í hinni árlegu „WIPA Grand Prix“ samkeppni í Austurríki. Þátttökulönd voru alls 65 og verðlaunasæti 10. Hönnuður frímerkisins er Hlynur Ólafsson en myndefnið er úr miðaldahandriti sem nefnist Íslenska teiknibókin.

Frímerkjasalan tók þátt í HönnunarMars 2015 með sýningu í anddyri Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu þar sem frímerkjaröðin Íslensk samtímalist VI sem er tileinkuð innlendra skartgripahönnun var sýnd. FélagaríFélagi íslenskra gullsmiðasýndu þareinnigverksín.

## Fræðslu- og starfsmannamál

Íslandspóstur heldur úti öflugum fræðslustarfi fyrir starfsmenn og var síðastliðið ár engin undantekning frá því. Auk sérhæfðra

námskeiða sem tengjast starfseminni beint voru haldin mörg almenn námskeið. Þar má til að mynda nefna námskeið í skyndihjálpm sem haldin eru reglulega, örnámskeið í núvitund og erindi sem Örn Árnason leikari hélt á vinnustöðum sem nefnist „Hrós er sólskin í orðum“. Einnig voru haldin ýmis námskeið fyrir stjórnendur sérstaklega. Nýliðanámskeið voru á sínum stað og var sérstaklega mikil aðsókn á þau í byrjun sumars og fyrir jólin þegar afleysingarstarfsfólk hóf störf.

Auk hefðbundinna námskeiða og fyrirlestra voru haldnar nokkrar þemavikur á árinu. Þær eru notaðar til að koma fræðslu um ákveðin málefni til starfsmanna á skemmtilegan hátt auk þess sem þær efla liðsheild og brjóta upp hversdagsleikann. Sem dæmi má nefna öryggisviku sem haldin er árlega að hausti. Að þessu sinni var lögð áhersla á meðhöndlun stærri sendinga og mikilvægi réttar líkamsbeitingar við vinnu. P18 vikan var haldin í tengslum við áætlanagerð og markmiðasetningu fyrir næstkomandi ár. P18 er nafn á stefnu Íslandspósts til ársins 2018 og var vikan notuð til að minna á stefnuna á léttan og skemmtilegan hátt og efla þannig liðsheild og auka árangur. Hrósvika var svo haldin í tengslum við kynningu á gæða- og þjónustustefnu Íslandspósts. Starfsfólk tók vel í að hrósa hverju öðru fyrir vel unnin störf og allir voru með bros á vör eftir vikuna.

Heilsupósturinn var á sínum stað en tilgangur hans er að stuðla að heilbrigði og ánægju starfsmanna. Reglulega er starfsmönnum boðið upp á heilsufarsmælingar s.s. blóðþrýstings- og blóðfitumælingar. Einnig var boðið upp á fyrirlestur heimilislæknis um almenna kvilla og starfsemi heilsugæslustöðva. Á árinu fóru starfsmenn, eins og oft áður, í lengri og styttri göngur sem eru hluti af því hvatningarátaki sem Heilsupósturinn stendur fyrir.



# STAÐREYNDIR UM PÓSTINN




**HJÁ PÓSTINUM STARFA  
UM 1000 STARFSMENN  
UM LAND ALLT**




**63**  
STARFSSTÖÐVAR



Á LANDINU ÖLLU ERU  
UM **195 PÓSTKASSAR**



Á GÖTUM LANDSINS KEYRA UM 130 PÓSTBÍLAR




KYNJAHLUTFALL STARFSMANNA ER  
**54% KONUR OG 46% KARLAR**

KYNJAHLUTFALL STJÓRNENDA ER  
**59% KONUR OG 41% KARLAR**



FRÁ ÁRINU 2012 HAFNA SKRÁÐAR  
SENDINGAR FRÁ ÚTLÖNDUM  
**AUKIST UM 216%**



**171.298** VIÐSKIPTAVINIR  
HRINGDU TIL OKKAR



**23.183** VIÐSKIPTAVINIR  
FENGU AÐSTOÐ Í  
GEGNUM NETSPJALLIÐ











  
PÓSTURINN



## Afkoma starfspáttá

Í þeim tilgangi að greina afkomu gerir Íslandspóstur upp meginstarfspætti fyrirtækisins sem skiptast í (i) Einkarétt innan alþjónustu, (ii) Samkeppni innan alþjónustu og (iii) Samkeppni utan alþjónustu. Tekjum og gjöldum hefur verið skipt upp í þessa helstu starfspætti eftir viðurkenndum aðferðum.

Niðurstöður Íslandspósts um skiptingu rekstrar í framangreinda starfspætti eru þannig:

2015	Einkaréttur * innan alþjónustu	Samkeppni * innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Rekstrartekjur .....	2.874.645	2.989.649	1.149.627	7.013.921
Rekstrargjöld .....	(2.875.848)	(3.541.115)	(1.035.405)	(7.452.368)
Afkoma starfspáttá .....	(1.203)	(551.466)	114.222	(438.447)
Eignarekstur .....				287.069
Afkoma fyrir tekjuskatt .....				(151.378)
Tekjuskattur .....				32.951
Afkoma ársins .....				(118.427)
2014	Einkaréttur * innan alþjónustu	Samkeppni * innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Rekstrartekjur .....	2.746.717	2.938.738	1.124.410	6.809.865
Rekstrargjöld .....	(2.739.323)	(3.446.420)	(899.754)	(7.085.497)
Afkoma starfspáttá .....	7.394	(507.682)	224.656	(275.632)
Eignarekstur .....				233.921
Afkoma fyrir tekjuskatt .....				(41.711)
Tekjuskattur .....				(1.266)
Afkoma ársins .....				(42.977)
2013	Einkaréttur * innan alþjónustu	Samkeppni * innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Rekstrartekjur .....	2.597.694	2.676.666	1.178.559	6.452.919
Rekstrargjöld .....	(2.615.715)	(3.295.283)	(907.975)	(6.818.973)
Afkoma starfspáttá .....	(18.021)	(618.617)	270.584	(366.054)
Eignarekstur .....				224.178
Afkoma fyrir tekjuskatt .....				(141.876)
Tekjuskattur .....				23.100
Afkoma ársins .....				(118.776)

\*Á Íslandspósti hvílir alþjónustuskylða sem nær til sendinga allt að 20 kg. Henni fylgir sú kvöð að sinna þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir. Samhlíða alþjónustuskýldunni hefur félagið einkarétt á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g og er tekjum vegna einkaréttar meðal annars ætlað að standa undir þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir. Hluti af kostnaði sem færður er meðal rekstrargjalda í samkeppni innan alþjónustu tilheyrir þeim óarðbæru þáttum sem tekjum af einkarétti er ætlað að standa undir.

---

2015

---

# ÁRSREIKNINGUR ÍSLANDSPÓSTS

---



## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

### Rekstur árið 2015

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Íslandspóstis ohf. og dótturfélaga þess sem eru Trönur ehf., Samskipti ehf., Frakt flutningsmiðlun ehf., ePóstur ehf. og Gagnageymslan ehf.

Tap varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 118,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé þann 31. desember 2015 nam 2.195 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins þann 31. desember 2015 nam 1.448 millj. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Afkoma Íslandspóstis á árinu 2015 var óviðunandi, sjá skýringu nr. 23 í ársreikningnum. Stjórnendur Íslandspóstis telja afar brýnt að við þær sérstöku aðstæður sem upp hafa komið og blasa við með áframhaldandi fallandi markaði einkaréttarbréfa, verði þeir að geta brugðist tímanlega við breyttum rekstrarforsendum, bæði varðandi verðlagningu og möguleika til hagræðingaraðgerða. Við framtíðarskipan pósthjónustunnar er einnig afar brýnt að skýrt verði hvernig fjármagna á þann hluta hennar sem ekki er arðbær. Svigrúm til að greiða niður þá þjónustu eins og gert hefur verið með því að ganga á eigið fé Íslandspóstis er afar takmarkað.

### Stjórnarhættir

Stjórn Íslandspóstis leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórnin starfar í samræmi við eigendastefnu ríkisins, samþykktir félagsins og vinnureglur sem hún hefur sett sér. Í reglunum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu og fleira.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2015, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Íslandspóstis ohf. hafa í dag rætt um ársreikning fyrir árið 2015 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 19. febrúar 2016

Stjórn:

*Eiríkur Haukur Hauksson, Svanhildur Hólm Valsdóttir  
Jón Ingi Cæsarsson, Ólöf Kristín Sveinsdóttir, Preben Jón Pétursson*

Forstjóri:

*Ingimundur Sigurpálsson*

## Áritun endurskoðenda

### Til stjórnar og hluthafa Íslandspóstis ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandspóstis ohf. og dótturfélaga („samstæðan“) fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð þeirra nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ríkisendurskoðun, 19. febrúar 2016

*Sveinn Arason*  
Ríkisendurskoðandi

*Óskar Sverrisson*  
Endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2015

REKSTRARTEKJUR	Skýr.	2015	2014
Tekjur af póstpjónustu .....		6.409.494	6.237.375
Aðrar tekjur .....		1.190.602	1.041.125
		7.600.096	7.278.500
<b style="color: red;">REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	5	4.418.722	3.994.529
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....		1.458.086	1.538.269
Annar rekstrarkostnaður .....		1.354.987	1.266.424
		7.231.795	6.799.222
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....			
		368.301	479.278
Afskriftir .....	8	( 395.753)	( 410.291)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) .....		( 27.452)	68.987
Fjármunatekjur .....		26.124	20.360
Fjármagnsgjöld .....		( 150.050)	( 131.058)
Hrein fjármagnsgjöld .....	7	( 123.926)	( 110.698)
Tap fyrir tekjuskatt .....		( 151.378)	( 41.711)
Tekjuskattur .....	16	32.951	( 1.266)
Tap ársins .....		( 118.427)	( 42.977)
<b style="color: red;">SKIPTING AFKOMU</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		( 120.676)	( 50.560)
Hlutdeild minnihluta .....		2.249	7.583
Heildarafkoma og tap ársins .....		( 118.427)	( 42.977)
<b style="color: red;">AFKOMUHLUTUR OG ÞYNNTUR AFKOMUHLUTUR</b>			
Afkomuhlutur og þynntur afkomuhlutur á hverja krónu hlutafjár .....	3.I.	( 0,08)	( 0,03)

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

<b>EIGNIR</b>	Skýr.	2015	2014
Rekstrarfjármunir .....	8	3.196.441	3.307.642
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	9	80.372	80.372
Skuldabréf .....	10	12.401	16.171
Skattinneign .....	17	13.167	0
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		<b>3.302.381</b>	<b>3.404.185</b>
Birgðir .....	11	176.399	196.896
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	12	1.334.418	1.134.836
Handbært fé .....	13	419.082	86.725
Eignir til sölu .....	14	7.798	50.140
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		<b>1.937.697</b>	<b>1.468.597</b>
<b>EIGNIR SAMTALS</b>		<b>5.240.078</b>	<b>4.872.782</b>
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Hlutafé .....	15	1.447.500	1.447.500
Lögbundinn varasjóður .....		351.378	351.378
Óráðstafað eigið fé .....		385.901	506.577
<b>EIGIÐ FÉ HLUTHAFA FÉLAGSINS</b>		<b>2.184.779</b>	<b>2.305.455</b>
Hlutdeild minnihluta .....		10.386	8.137
<b>EIGIÐ FÉ</b>		<b>2.195.165</b>	<b>2.313.592</b>
<b>SKULDIR</b>			
Skuldabréfalán .....	19	1.810.437	1.385.540
Tekjuskattskuldbinding .....	17	0	21.970
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>		<b>1.810.437</b>	<b>1.407.510</b>
Tekjuskattur til greiðslu .....	17	2.186	0
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	18	1.232.290	1.151.680
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>		<b>1.234.476</b>	<b>1.151.680</b>
<b>SKULDIR</b>		<b>3.044.913</b>	<b>2.559.190</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b>		<b>5.240.078</b>	<b>4.872.782</b>



## Eiginfjáryfirlit 2015

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
<b>ÁRIÐ 2015</b>						
Eigið fé 1.1.2015 .....	1.447.500	351.378	506.577	2.305.455	8.137	2.313.592
(Tap) hagnaður ársins .....			( 120.676)	( 120.676)	2.249	( 118.427)
Eigið fé 31.12.2015 .....	1.447.500	351.378	385.901	2.184.779	10.386	2.195.165
<b>ÁRIÐ 2014</b>						
Eigið fé 1.1.2014 .....	1.447.500	351.378	557.137	2.356.015	554	2.356.569
(Tap) hagnaður ársins .....			( 50.560)	( 50.560)	7.583	( 42.977)
Eigið fé 31.12.2014 .....	1.447.500	351.378	506.577	2.305.455	8.137	2.313.592

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>			
Tap ársins .....		( 118.427)	( 42.977)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hagnaður af sölu eigna .....		( 2.081)	( 4.377)
Afskriftir .....	8	395.753	410.291
Fjármagnsgjöld .....	7	123.926	110.698
Tekjuskattur .....		( 35.137)	1.266
		<u>364.034</u>	<u>474.901</u>
VELTUFÉ FRÁ REKSTRI			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun .....		20.497	5.494
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 182.847)	( 186.699)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		98.236	140.382
		<u>( 64.114)</u>	<u>( 40.823)</u>
BREYTINGAR Á REKSTRARTENGÐUM EIGNUM OG SKULDUM			
Innheimtar vaxtatekjur .....		11.141	11.158
Greidd vaxtagjöld .....		( 88.664)	( 76.691)
		<u>222.397</u>	<u>368.545</u>
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI			
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>			
Fasteignir og lóðir .....	8	( 65.979)	( 82.289)
Áhöld, tæki og bifreiðar .....	8	( 259.489)	( 361.590)
Söluverð eigna .....		44.435	14.895
Önnur breyting .....		5.588	( 25.420)
		<u>( 275.445)</u>	<u>( 454.404)</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>			
Tekin ný langtímalán .....		500.000	0
Afborganir langtímalána .....		( 114.595)	( 103.591)
		<u>385.405</u>	<u>( 103.591)</u>
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ .....		332.357	( 189.450)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN .....		86.725	276.175
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK .....	13	<u>419.082</u>	<u>86.725</u>

## Skýringar

### 1. FÉLAGIÐ

Íslandspóstur ohf. („félagið“) er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar og lögheimili er að Stórhöfða 29 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðu félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

### 2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

#### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 19. febrúar 2016.

#### b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

#### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

#### d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

### 3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

#### a. Grundvöllur samstæðu

##### (i) Sameiningar fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yfirráð flytjast til hennar. Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Endurgjaldið felur ekki í sér fjárhæðir vegna uppgjörs viðskiptasambanda. Slíkar fjárhæðir eru almennt færðar í rekstrarreikning.

##### (ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Samstæðan fer með yfirráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yfirráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

##### (iii) Hlutdeild annarra eigenda

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinnar einingar á kaupdegi.

Breyting á hlutdeild samstæðunnar í dótturfélagi sem leiðir ekki til þess að yfirráð tapist er færð sem viðskipti með eigið fé.

##### (iv) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

## Skýringar frh.

### 3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR, FRH.

#### b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

#### c. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald og er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði, að undanskildum fjáreignum til sölu sbr. hér að neðan.

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

##### (i) Fjáreignir til sölu

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þegar hlutabréf eru ekki skráð á virkum markaði og ekki hægt að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti er fjárfestingin færð á upphaflegu kostnaðarverði að teknu tilliti til greindrar virðisýrnunar.

#### d. Rekstrarfjármunir

##### (i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Þegar rekstrarfjármunir samanstanda af einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er mismunur á söluandvirði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna og gjalda.

##### (ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður meðal rekstrarfjármuna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

##### (iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	20-25 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar .....	3-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi.

#### e. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádrögnum áætluðum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á meðalkostnaðarverðsreglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörstegi.



## Skýringar frh.

### 3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

#### f. Virðisrýrnun

##### (i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvörðuð með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning við virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

##### (ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða (sjá reikningsskilaaðferð e) er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður hærra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða sjóðskapandi eininga er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni.

#### g. Fastafjármunir til sölu

Pegar gert er ráð fyrir að bókfært verð fastafjármuna (eða eignasamstæða sem samanstanda af eignum og skuldum) verði endurheimt aðallega með sölu þeirra fremur er áframhaldandi notkun, eru eignirnar eða eignasamstæðurnar endurflokkaðar í efnahagsreikningi sem eignir til sölu. Áður en endurflokkunin á sér stað eru eignirnar (eða einstakir hlutar eignasamstæða) endurmetnir í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Eftir það eru eignirnar (eða eignasamstæðan) almennt metnar á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði, hvoru sem lægra reynist.

#### h. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða, líklegt er að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda í sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

#### i. Tekjur

Tekjur samstæðunnar af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í þeim mánuði sem þjónustan er innt af hendi án tillits til þess hvenær uppgjör fyrir hana berast. Tekjur vegna vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar áhætta og ávinningur flyst til kaupanda sem jafnan er við afhendingu.

## Skýringar frh.

### 3. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR, FRH.

#### j. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og arði af eignarhlutum í öðrum félögum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

#### k. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilfellum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skattlutfall á uppgjörssdegi auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggir á því skattlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörssdegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

#### l. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem reiknaður er sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda útstandandi almennra hluta á árinu. Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga né tekið lán sem breytanlegt er í hlutafé, þannig að þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði á hlut.

#### m. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Samstæðan hefur innleitt þá nýju staðla og breytingar á þeim sem taka gildi fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2015. Innleiðing staðlanna hafði ekki veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn. Nokkrir nýir staðlar og endurbætur á stöðlum, sem munu gilda fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2015, hefur ekki verið beitt við gerð þessa samstæðureiknings. Möguleg áhrif á samstæðureikninginn vegna þessara staðla hefur ekki verið metin.

### 4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU

#### Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- \* lánsáhætta
- \* lausafjárahætta
- \* markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglur stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

## Skýringar frh.

### 4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

#### Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

#### Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Samstæðan hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn eru metnir áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir og trygginga krafist sé talin ástæða til þess.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið tiltölulegar litlar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru bæði á einstaklinga og félög. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir geta ekki átt frekari lánsviðskipti við samstæðuna nema greiða niður skuldir sínar.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisryrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er metin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Viðskiptakröfur samstæðunnar eru færðar niður um 113 millj. kr. (2014: 146 millj. kr.) og skuldabréf í eigu félagsins eru færð niður um 2 millj. kr. (2014: 3 millj. kr.)

#### Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Samningsbundnar greiðslur af fjárskuldum greinast þannig í árslok:

	Bókfært verð	Innan 1 árs	2-3 ár	4-5 ár	Meira en 5 ár
<b>2015</b>					
Skuldabréfalán .....	1.964.520	272.775	529.007	504.444	2.195.955
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	1.232.290	1.232.290			
	<u>3.196.810</u>	<u>1.505.065</u>	<u>529.007</u>	<u>504.444</u>	<u>2.195.955</u>
<b>2014</b>					
Skuldabréfalán .....	1.518.003	213.543	421.749	406.774	1.623.603
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	1.151.680	1.151.680			
	<u>2.669.683</u>	<u>1.365.223</u>	<u>421.749</u>	<u>406.774</u>	<u>1.623.603</u>

## Skýringar frh.

### 4. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

#### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### Gjaldmiðlagengisáhætta

Lántaka samstæðunnar sem er að 3% hluta í erlendri mynt, EUR, CHF og JPY, myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánum eru að jafnaði lægri en af lánum sem móðurfélagið tekur í íslenskum krónum.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna krafna á erlendar póststjórnir og viðskiptavinum í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli samstæðufélaganna. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru SDR og EUR. Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhættu en breytingar á gengi gjaldmiðla hefðu óveruleg áhrif á afkomu samstæðunnar.

#### Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar í íslenskum krónum eru bundnar vísitölu neysluverðs eða óverðtryggðar og eru ýmist með breytilegum eða föstum vöxtum. Lántökur í erlendri mynt eru með breytilegum vöxtum. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 20 millj. kr. lakari á árinu 2015 en 20 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynt 1% betri en raunin var. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari á árinu 2014 en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 15 millj. kr. lakari á árinu 2014 en 15 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynt 1% betri en raunin var.

#### Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

#### Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að stöðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um eiginfjárlutfall.

### 5. LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:	2015	2014
Laun .....	3.532.520	3.178.386
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	338.730	308.569
Önnur launatengd gjöld .....	337.551	306.389
Annar starfsmannakostnaður .....	209.921	201.185
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>4.418.722</u>	<u>3.994.529</u>
Stöðugildi .....	816	790

Laun og hlunnindi stjórnar og æðstu stjórnenda námu 104 millj. kr. á árinu (2014: 100 millj. kr.). Þar af voru laun forstjóra 14 millj. kr. (2014: 14 millj. kr.) og laun til stjórnarmanna 8 millj. kr. (2014: 7 millj. kr.). Laun stjórnarformanns eru tvöföld laun stjórnarmanns. Samningar við stjórnendur félagsins kveða hvorki á um kauprétt á hlutum í félaginu né sérstakar greiðslur við starfslok.

Ógreiddar eftirstöðvar starfslokasamninga námu 18 millj. kr. í árslok (2014: 18 millj. kr.) og er tekið tillit til þeirrar fjárhæðar í reikningssskilum félagsins.

## Skýringar frh.

### 6. ÞÓKNANIR TIL ENDURSKOÐENDA

Greiðslur til Ríkisendurskoðunar greinast þannig:	2015	2014
Endurskoðun ársreiknings .....	5.836	6.381
Könnun árshlutareikninga .....	3.387	4.138
Samtals .....	<u>9.223</u>	<u>10.519</u>

### 7. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2015	2014
Vaxtatekjur og verðbætur .....	11.502	11.698
Arðstekjur .....	14.622	8.662
Fjármunatekjur samtals .....	<u>26.124</u>	<u>20.360</u>
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 132.030)	( 121.915)
Gengistap .....	( 18.020)	( 9.143)
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 150.050)</u>	<u>( 131.058)</u>
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 123.926)</u>	<u>( 110.698)</u>

### 8. REKSTRARFJÁRMUNIR

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:			
	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1.1.2014 .....	3.134.636	2.910.842	6.045.478
Yfirtekið við sameiningu fyrirtækja .....	0	5.005	5.005
Viðbót á árinu .....	82.289	361.590	443.879
Selt og niðurlagt .....	( 804)	( 173.888)	( 174.692)
Staða 31.12.2014 .....	<u>3.216.121</u>	<u>3.103.549</u>	<u>6.319.670</u>
Staða 1.1.2015 .....	3.216.121	3.103.549	6.319.670
Viðbót á árinu .....	65.979	259.489	325.468
Selt og niðurlagt .....	( 93.284)	( 58.821)	( 152.105)
Staða 31.12.2015 .....	<u>3.188.816</u>	<u>3.304.217</u>	<u>6.493.033</u>
<b>Afskriftir</b>			
Staða 1.1.2014 .....	1.209.463	1.592.305	2.801.768
Yfirtekið við sameiningu fyrirtækja .....	0	1.460	1.460
Afskriftir ársins .....	125.821	284.470	410.291
Selt og niðurlagt .....	( 805)	( 200.686)	( 201.491)
Staða 31.12.2014 .....	<u>1.334.479</u>	<u>1.677.549</u>	<u>3.012.028</u>
Staða 1.1.2015 .....	1.334.479	1.677.549	3.012.028
Afskriftir ársins .....	123.737	272.016	395.753
Selt og niðurlagt .....	( 60.554)	( 50.635)	( 111.189)
Staða 31.12.2015 .....	<u>1.397.662</u>	<u>1.898.930</u>	<u>3.296.592</u>



## Skýringar frh.

### 8. REKSTRARFJÁRMUNIR, FRH.

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
<b>Bókfært verð</b>			
1.1.2014 .....	1.925.173	1.318.537	3.243.710
31.12.2014 og 1.1.2015 .....	1.881.642	1.426.000	3.307.642
31.12.2015 .....	1.791.154	1.405.287	3.196.441
Afskriftahlutföll .....	0-5%	10-33%	

#### Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð fasteigna og lóða í árslok nam eftirfarandi fjárhæðum:

	2015	2014
Vátryggingarverð fasteigna .....	3.649.044	3.638.743
Fasteignamat fasteigna og lóða .....	1.911.045	1.994.303
Bókfært verð fasteigna og lóða .....	1.791.154	1.881.642

#### Veðskuldir

Á eignum samstæðunnar hvíla tryggingabréf og skuldabréf til tryggingar eftirstöðva skulda að fjárhæð 1.332 millj. kr. (2014: 828 millj. kr.)

### 9. EIGNARHLUTIR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2015		2014	
	Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Internet á Íslandi hf. ....	3.781	45.352	3.781	45.352
Vörusjá ehf. ....	27.500	27.500	27.500	27.500
Sendill is Unimaze ehf. ....	25	5.000	25	5.000
Eurogiro, nafnverð 100 þús. DKK .....		2.520		2.520
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals ....		<u>80.372</u>		<u>80.372</u>

### 10. SKULDABRÉFAEIGN

	2015	2014
Skuldabréfaeign greinist þannig:		
Staða 1.1 .....	22.369	27.870
Verðbætur .....	372	679
Afborganir .....	( 5.434)	( 6.969)
Breyting á niðurfærslu .....	625	789
Afborganir næsta árs .....	( 5.531)	( 6.198)
Skuldabréfaeign 31.12 .....	<u>12.401</u>	<u>16.171</u>

### 11. BIRGÐIR

	2015	2014
Birgðir í árslok greinast þannig:		
Birgðir rekstrar- og söluvara .....	93.850	104.332
Frímerkjabirgðir .....	82.549	92.564
Birgðir samtals .....	<u>176.399</u>	<u>196.896</u>

Gjaldfærsla birgða á árinu nam 143 millj. kr. (2014: 155 millj. kr.)

## Skýringar frh.

### 12. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG AÐRAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:	2015	2014
Nafnverð viðskiptakrafna .....	1.112.815	904.975
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast .....	( 112.778)	( 145.864)
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....	5.531	6.198
Aðrar skammtímakröfur .....	328.850	369.527
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals .....	<u>1.334.418</u>	<u>1.134.836</u>

### 13. HANDBÆRT FÉ

Handbært fé greinist þannig:	2015	2014
Markaðsverðbréf .....	24.215	23.286
Óbundnar bankainnstæður .....	390.422	59.155
Sjóðir .....	4.445	4.284
Handbært fé samtals .....	<u>419.082</u>	<u>86.725</u>

### 14. EIGNIR TIL SÖLU

Eignir til sölu greinast þannig:	2015	2014
Staða 1.1 .....	50.140	27.140
Viðbót á árinu .....	0	23.000
Selt á árinu .....	( 42.342)	0
Eignir til sölu samtals .....	<u>7.798</u>	<u>50.140</u>

### 15. EIGIÐ FÉ

#### Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.448 millj. kr. og hafa allir hlutir verið greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

#### Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 25% hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en 25% hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa.

### 16. TEKJUSKATTUR

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2015	2014
<b>Frestaðir skattar</b>		
Tímabundnir mismunir .....	( 32.951)	1.266
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....	<u>( 32.951)</u>	<u>1.266</u>
<b>Virkur tekjuskattur greinist þannig:</b>	<b>2015</b>	<b>2014</b>
Tap ársins .....	( 118.427)	( 42.977)
Tekjuskattur .....	( 32.951)	1.266
Tap án tekjuskatts .....	<u>( 151.378)</u>	<u>( 41.711)</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20,0%	( 30.276)
Áhrif skattalegra tapa .....	1,8%	( 2.675)
Virkur tekjuskattur .....	21,8%	<u>( 32.951)</u>
		( 23,0%)
		<u>9.608</u>
		( 3,0%)
		<u>1.266</u>

## Skýringar frh.

### 17. TEKJUSKATTSINNEIGN OG TEKJUSKATTSSKULDBINDING

Tekjuskattsinneign og -skuldbinding félagsins greinist þannig:	2015	2014
Tekjuskattsskuldbinding 1.1 .....	( 21.970)	( 20.704)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	32.951	( 1.266)
Tekjuskattur til greiðslu .....	2.186	0
Tekjuskattsinneign (-skuldbinding) 31.12 .....	<u>13.167</u>	<u>( 21.970)</u>
Tekjuskattsinneignin og (-skuldbindingin) greinist þannig í árslok:		
Rekstrarfjármunir .....	( 41.434)	( 45.762)
Viðskiptakröfur .....	6.703	18.409
Frestaður gengismunur .....	104	187
Yfirfærlegt skattalegt tap .....	70.583	22.065
Niðurfærsla skatteignar .....	( 22.712)	( 16.765)
Birgðir .....	( 77)	( 104)
Samtals .....	<u>13.167</u>	<u>( 21.970)</u>

### 18. VIÐSKIPTASKULDIR OG AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2015	2014
Viðskiptaskuldir .....	510.045	516.895
Aðrar skammtímaskuldir .....	722.245	634.785
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>1.232.290</u>	<u>1.151.680</u>

### 19. VAXTABERANDI SKULDIR

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	2015	2014
Lán bundin vísitölu neysluverðs .....	1.893.656	1.436.833
Óverðtryggð lán í ISK .....	10.842	14.675
Lán í EUR .....	26.444	30.975
Lán í CHF .....	25.309	26.829
Lán í JPY .....	8.269	8.691
Næsta árs afborganir .....	( 154.083)	( 132.463)
Langtímaskuldir .....	<u>1.810.437</u>	<u>1.385.540</u>
Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2015 .....	0	132.463
Árið 2016 .....	154.083	136.014
Árið 2017 .....	157.854	140.011
Árið 2018 .....	161.851	144.248
Árið 2019 .....	165.907	148.739
Árið 2020 .....	170.338	153.230
Síðar .....	1.154.487	663.298
Langtímaskuldir samtals, þar með talda næsta árs afborganir .....	<u>1.964.520</u>	<u>1.518.003</u>

### 20. TENGDIR AÐILAR

Tengdir aðilar félagsins eru íslenska ríkið og fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því auk stjórnar félagsins, helstu stjórnenda þess og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

## Skýringar frh.

### 21. FÉLÖG Í SAMSTÆÐUNNI

Dótturfélag:	Eignarhlutur	
	2015	2014
Samskipti ehf. ....	100%	100%
Trönur ehf. ....	100%	100%
Frakt flutningsmiðlun ehf. ....	62,5%	62,5%
ePóstur ehf. ....	100%	100%
Gagnageymslan ehf. ....	100%	100%

### 22. BÓKHALDSLEG OG FJÁRHAGSLEG AÐGREINING

Settar eru fram kröfur um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda í reglugerð nr. 313/2005. Reglugerðin inniheldur meðal annars ákvæði um framkvæmd aðgreiningarinnar og upplýsingaskyldu póstrekenda til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Fram til ársins 2012 birti Íslandspóstur upplýsingar um skiptingu tekna og gjalda eftir rekstrarþáttum í ársreikningi, byggt á grundvelli reglugerðarinnar. Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 18/2013 um úttekt á bókhaldslegum aðskilnaði og kostnaðarbókhaldi Íslandspósts komst stofnunin meðal annars að þeirri niðurstöðu að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður byggji í meginatriðum á viðurkenndri aðferðafræði í samræmi við ákvæði laga nr. 19/2002 um póstpjónustu og tilgreindri reglugerð nr. 313/2005 og jafnframt að stofnunin teldi þörf á að gerðar yrðu ýmsar endurbætur er varðar forsendur og framkvæmd.

Í samræmi við umfjöllun og niðurstöður ákvörðunarinnar hefur Íslandspóstur gert nauðsynlegar breytingar á kostnaðarbókhaldi félagsins og sent niðurstöðurnar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

### 23. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Íslenska ríkið fer með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 gr. en hefur falið Íslandspósti að annast einkarétt þess á póstpjónustu. Einkarétti á bréfadreifingu hefur fylgt svokölluð alþjónustuskylða sem felst í því að tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstpjónustu með tilteknum gæðum og á viðráðanlegu verði. Á Íslandspósti hvílir því alþjónustuskylða sem nær til sendinga allt að 20 kg. Með henni kemur sú kvöð að sinna þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir en tekjum vegna einkaréttar er meðal annars ætlað að standa undir þeim þáttum starfseminnar.

Undanfarin ár hefur einkaréttarbréfum fækkað verulega og eru horfur á sömu þróun næstu ár. Það hefur leitt til þess að tekjur af einkarétti hafa á síðustu árum ekki staðið undir kostnaði við þá alþjónustuskyldu sem á félaginu hvílir og því hefur afkoma félagsins ekki verið viðunandi. Eiginfjárlutfall félagsins hefur farið lækkanandi undanfarin ár og var 42% í árslok en grípa þurfti til lántöku að fjárhæð 500 millj. kr. á árinu 2015 til að unnt væri að sinna lögbundinni þjónustu og standa við skuldbindingar.

Stjórnendur Íslandspósts telja afar brýnt að við þær sérstöku aðstæður sem upp hafa komið og blasa við með áframhaldandi fallandi markaði einkaréttarbréfa, verði þeir að geta brugðist tímanlega við breyttum rekstrarforsendum, bæði varðandi verðlagningu og möguleika til hagræðingaraðgerða. Við framtíðarskipan póstpjónustunnar er einnig afar brýnt að skýrt verði hvernig fjármagna á þann hluta hennar sem ekki er arðbær. Svigrúm til að greiða niður þá þjónustu eins og gert hefur verið með því að ganga á eigið fé Íslandspósts er afar takmarkað.

### 24. KENNITÖLUR

Helstu kennitölur samstæðunnar:	2015	2014
Veltufjórhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	1,57	1,28
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn .....	0,42	0,47
Innra virði hlutfjár - eigið fé / hlutfaté .....	1,51	1,59
Rekstrarafkoma án afskrifta (EBITDA) í hlutfalli af heildartekjum .....	4,8%	6,6%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum .....	-0,4%	0,9%
Arðsemi eigin fjár .....	-5,1%	-1,8%

## Skýringar frh.

## Óendurskoðaðar upplýsingar

## 25. ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

Árið 2015	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	Samtals
Tekjur af póstpjónustu ..	1.894.313	1.509.025	1.500.308	1.505.848	6.409.494
Aðrar tekjur .....	371.456	277.255	279.612	262.279	1.190.602
	<u>2.265.769</u>	<u>1.786.280</u>	<u>1.779.920</u>	<u>1.768.127</u>	<u>7.600.096</u>
Laun og launat. gjöld .....	1.285.094	1.103.842	1.031.580	998.206	4.418.722
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....	402.713	353.999	350.260	351.114	1.458.086
Annar rekstrarkostnaður .	426.203	295.883	316.549	316.352	1.354.987
	<u>2.114.010</u>	<u>1.753.724</u>	<u>1.698.389</u>	<u>1.665.672</u>	<u>7.231.795</u>
EBITDA .....	<u>151.759</u>	<u>32.556</u>	<u>81.531</u>	<u>102.455</u>	<u>368.301</u>
Afskriftir .....	( 97.365)	( 97.200)	( 96.884)	( 104.304)	( 395.753)
EBIT .....	<u>54.394</u>	<u>( 64.644)</u>	<u>( 15.353)</u>	<u>( 1.849)</u>	<u>( 27.452)</u>
Fjármagnsgjöld .....	( 12.608)	( 52.060)	( 49.956)	( 9.302)	( 123.926)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	41.786	( 116.704)	( 65.309)	( 11.151)	( 151.378)
Tekjuskattur .....	( 9.454)	24.855	10.858	6.692	32.951
Hagnaður (tap) .....	<u>32.332</u>	<u>( 91.849)</u>	<u>( 54.451)</u>	<u>( 4.459)</u>	<u>( 118.427)</u>
<b>Árið 2014</b>					
Tekjur af póstpjónustu ....	1.850.248	1.493.093	1.454.561	1.439.473	6.237.375
Aðrar tekjur .....	311.714	300.890	189.582	238.939	1.041.125
	<u>2.161.962</u>	<u>1.793.983</u>	<u>1.644.143</u>	<u>1.678.412</u>	<u>7.278.500</u>
Laun og launat. gjöld .....	1.149.789	944.150	948.623	951.967	3.994.529
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....	401.184	377.432	366.979	392.674	1.538.269
Annar rekstrarkostnaður .	464.635	305.823	242.910	253.056	1.266.424
	<u>2.015.608</u>	<u>1.627.405</u>	<u>1.558.512</u>	<u>1.597.697</u>	<u>6.799.222</u>
EBITDA .....	<u>146.354</u>	<u>166.578</u>	<u>85.631</u>	<u>80.715</u>	<u>479.278</u>
Afskriftir .....	( 95.236)	( 97.620)	( 116.131)	( 101.304)	( 410.291)
EBIT .....	<u>51.118</u>	<u>68.958</u>	<u>( 30.500)</u>	<u>( 20.589)</u>	<u>68.987</u>
Fjármagnsgjöld .....	( 12.790)	( 30.981)	( 30.284)	( 36.643)	( 110.698)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	38.328	37.977	( 60.784)	( 57.232)	( 41.711)
Tekjuskattur .....	( 6.077)	( 9.181)	3.980	10.012	( 1.266)
Hagnaður (tap) .....	<u>32.251</u>	<u>28.796</u>	<u>( 56.804)</u>	<u>( 47.220)</u>	<u>( 42.977)</u>

**Hönnun og umbrot:** Markaðsdeild Íslandspóstis / Elías Jóhann Jónsson

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja umhverfsvottuð

**Ljósmyndir:** Hörður Ásbjörnsson, Óli H. Valtýsson, Sverni Speight og Torfi Agnarsson





Íslandspóstur  
Stórhöfða 29  
110 Reykjavík  
Sími / Tel +354 580 1000  
Fax + 354 580 1009  
postur@postur.is  
www.postur.is